

Ákvörðun nr. 3/2021
Föstudagurinn, 26. febrúar 2021

Samruni FISK-Seafood ehf. og Ölduóss ehf.

I. Málsmeðferð

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna FISK-Seafood ehf. og Ölduóss ehf. Um er að ræða sjávarútvegsfyrirtæki en Ölduós starfrækir þó ekki landvinnslu. FISK-Seafood er dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga sem rekur ýmis konar starfsemi. Nánar er fjallað um samrunaaðila og rekstur þeirra í kafla II.1.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 27. janúar 2021. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Byrjaði frestur til að rannsaka samrunann að líða þann 28. janúar 2021.
3. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði og opinberra gagna.

II. Samruninn

4. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.
5. Að mati Samkeppniseftirlitsins felst tilkynningarskyldur samruni í kaupum FISK-Seafood á Ölduós enda veltumörkum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga náð.

1. Samrunaaðilar

6. Í samrunaskrá segir að starfsemi beggja samrunaaðila snúi að útgerð en starfsemi FISK-Seafood snúi einnig að fiskeldi, fiskvinnslu og sölu á fiskafurðum. Starfsemi félaganna sé á sama sviði og um láréttan samruna sé því að ræða, en starfsemi FISK-Seafood sé töluvert viðameiri en starfsemi Ölduóss. FISK-Seafood sé eitt af stærri sjávarútvegsfyrirtækjum Íslands og geri út alls fimm fiskveiðiskip. Ölduós geri hins vegar einungis út einn smábát í krókaafلامarkskerfinu.
7. FISK-Seafood eigi eignarhluti í eftirfarandi félögum:
 - Allt hlutafé í útgerðarfélaginu Soffanías Cecilsson ehf., en afli félagsins fari að mestu til saltfiskframleiðslu í fiskvinnslu félagsins á Grundarfirði sem félagið selji erlendis.



- Allt hlutfé í FISK-Seafood fjárfestingu ehf. sem sé eignarhaldsfélag sem haldi utan um hlutabréfaeign félagsins í Vinnslustöðinni hf., en um sé að ræða 33% eignarhlut.
 - FISK-Seafood eigi 33% eignarhlut í Verinu ehf. Enginn starfsemi sé í félaginu.
 - FISK-Seafood eigi 25,3% eignarhlut í Fóðurlöndunni hf. sem flytji inn og framleiði m.a. fóðurvörur og áburð og aðra rekstrarvöru fyrir landbúnað.
8. FISK-Seafood er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga (KS) en starfsemi KS er nokkuð fjölbreytt og fer hún að hluta til fram í dótturfélögum. KS og dótturfélög starfa m.a. við slátrun og kjötvinnslu; sölu fóðurs, áburðar og rekstrarvöru til bænda; mjólkurvinnslu; vöruflutninga; og verslunarstarfsemi.
9. Á vefsíðu FISK-Seafood kemur fram að með samrunanum sé ætlunin að bæta við aflamark félagsins í bolfiski og mun aflinn verða unninn í fiskvinnslu félagsins á Sauðárkróki.¹
10. Líkt og að framan greinir á dótturfélag FISK-Seafood 33% eignarhlut í Vinnslustöðinni hf.. Í þessu máli er engin afstaða tekin til umræddra eignatengsla, enda hafa ekki komið fram vísbendingar um að þau eignatengsl hafi áhrif á efnislegt mat þessa samrunamáls. Rétt er hins vegar að áréttu að stjórnunar- og eignatengsl milli keppinauta á markaði, sameiginleg þátttaka þeirra í verkefnum eða önnur samvinna, getur á hverjum tíma kallað á rannsókn samkeppnisyfirvalda. Getur þá komið til álita að umrædd eigna- og stjórnunartengsl, eða aðrir gerningar, feli í sér að stofnast hafi til yferráða yfir viðkomandi fyrirtæki eða fyrirtækjum. Þá getur komið til álita hvort sömu viðskipti og tengdir gerningar fari gegn banni 10. gr. samkeppnislaga við ólögsmætu samráði.² Þessu til viðbótar hefur Samkeppniseftirlitinu verið ætlað það hlutverk að fylgjast með stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja, sbr. 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga.

2. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

11. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
12. Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar, FISK-Seafood og Ölduós, starfi báðir undir íslenskum lögum um stjórn fiskveiða. FISK-Seafood geri út fjögur skip. Frystitogarinn Arnar HU-1 sé gerður út frá Skagaströnd. Skipin Málmey SK-1 og Drangey SK-2 séu ferskfiskskip og séu gerð út frá Sauðárkróki. Þá sé ísfisktogarinn Farsæll SH-30 gerður út frá Grundarfirði. Ölduós geri út einn

¹ Í frétt 15. janúar 2021 á vef FISK-Seafood (www.fisk.is) sagði m.a. „Friðbjörn Ásbjörnsson, framkvæmdastjóri FISK Seafood: „Með þessum viðskiptum er FISK Seafood að fíkra sig inn í smábátaútgerð á línu og skak og ef vel tekst til munum við halda áfram að byggja okkur upp á því sviði. Vertíðarbátarnir yrðu kærkomin viðbót við það aukna líf sem höfnin hér á Sauðárkróki hefur öðlast á undanförunum árum og þetta fyrsta skref með kaupunum á Dögg verður strax mikil styrking fyrir landvinnsluna og verðmætin sem hún er að skapa á hverjum degi.““

² Yferráð í skilningi 4. gr. samkeppnislaga geta verið heldur sem er yferráð eins yfir félagi (e. sole control) eða sameiginleg yferráð (e. joint control). Um sameiginleg yferráð er að ræða þegar fyrirtæki hefur fleiri en einn hluthafa, sem ekki hafa yferráð sér í lagi, en geta saman haft afgerandi áhrif á mikilvægar viðskiptaákvæðanir fyrirtækisins.



bát frá Stöðvarfirði og selji allan afla á fiskmörkuðum. FISK-Seafood selji afurðir sínar mest erlendis, beint eða í gegnum umboðsaðila.

13. Við skilgreiningu markaða hafi samrunaaðilar horft til eldri ákvarðanna Samkeppniseftirlitsins. Í máli þessu telji samrunaaðilar að skilgreina beri markaði málsins þar sem áhrifa gæti með sambærilegum hætti og áður hefur verið gert. Markaður málsins sé því markaður fyrir veiðar og sölu á (botn)fiski við Ísland. Samrunaaðilar telji nánari sundurliðun á markaði fyrir fiskveiðar, sbr. þá sundurliðun er kom fram í ákvörðun eftirlitsins í máli nr. 10/2013, ekki þurfa frekari umfjöllun í málinu, þar sem samrunaaðilar stundi báðir að meginstefnu til veiðar á botnfiski. Í ákvörðuninni hafi markaði fyrir fiskveiðar verið skipt eftir því hvort um var að ræða veiðar á botnfiski eða uppsjávarfiski. Til uppsjávarfiska teljist síld, loðna, kolmuni og makrill. Hvorki FISK-Seafood né Ölduós stundi veiði á uppsjávarfiski. Dótturfélag FISK, FISK-Seafood fjárfesting ehf., haldi hins vegar utan um eignarhluta í félaginu Vinnslustöðin hf. sem stundi slíkar veiðar.
14. Markaðir málsins séu því annars vegar veiðar á botnfiski við Íslandi og hins vegar vinnsla á sjávarafli. Að mati samrunaaðila sé ekki hægt að takmarka landfræðilegan markað fyrir vinnslu og sölu á sjávarafurðum við Ísland. Stór hluti afurða FISK-Seafood sé seldur erlendis, aðallega til Evrópu. Þá sé allur afli Ölduóss seldur á fiskmörkuðum hérlandis, til frekari vinnslu innanlands eða erlendis.
15. Samkeppniseftirlitið getur fallist á skilgreiningu samrunaaðila á markaðnum fyrir veiðar á botnfiski, þ.m.t. að landfræðilegur markaður málsins sé líklega Ísland. Þó er rétt að halda því til haga að undirmerkaðir fyrir einstaka fisktegundir og afurðir kunna að vera til staðar, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2020, *Samruni Brims hf., Fiskvinnslunnar Kambs hf. og Grábrókar ehf. og meint yfirráð í Brimi hf.* Ekki er þörf á því fyrir niðurstöðu málsins að taka afstöðu til þess hvort markaður fyrir vinnslu og sölu fisks kunni að vera stærri en Ísland.
16. Í samrunaskrá er vísað til opinberra gagna um hlutdeild samrunaaðila í fiskveiðikvóta og að hlutdeild þeirra sé afar takmörkuð, sbr. nánari umfjöllun í kafla III.

III. Niðurstaða

17. Í máli þessu er samruni FISK-Seafood og Ölduóss til skoðunar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Taka þarf til skoðunar hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c samkeppnislaga.
18. Samrunaaðilar telja að fyrirhugaður samruni hafi hvorki neikvæð áhrif á samkeppni á skilgreindum mörkuðum þeirra né verði til við samrunann markaðsráðandi fyrirtæki í skilningi samkeppnislaga.
19. Sé litið til markaðshlutdeildar samrunaaðila, sem byggir m.a. á upplýsingum Fiskistofu, má sjá að samrunaaðilar eru samtals með um 6,52% af heildarhlutdeild eftir þorskígildum eftir samrunann og þannig vel innan leyfilegra hámarkshlutdeildarmarkna, sem eru 12% samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða.
20. Með hliðsjón af hlutdeild samrunaaðila á skilgreindum mörkuðum þessa máls verður ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.



Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV. Ákvörðunarorð

„Kaup Fisk-Seafood ehf. á Ölduós ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson